

**Brjef landshöfðingja til yfirkennara Halldórs Friðrikssonar um borgun fyrir 9**  
**próf í íslenzku.** — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig: 8. febr.

„Í þóknanlegu brjefi 7. f. m. hafði þjer, herra landshöfðingi, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort borga megi Halldóri yfirkennara Friðrikssyni úr jarðabókarsjóði Íslands hina venjulegu 50 króna þóknun fyrir að halda próf það, sem fyrirskipað er að þeir, sem sækja um embætti á Íslandi en ekki eru Íslendingar, leysi af hendi; hafði nefndur yfirkennari farið þessa á leit út af prófi því í íslenzku, er hann hafði haldið yfir G. Schierbeck, sem seinna hefir verið settur landlæknir.

Um þetta málefni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að þar sem hið síðasta alþingi, er það ræddi frumvarp til reikningslaga fyrir 1878 og 1879, hefir vakið mótmæli gegn því, að þess konar gjald sje greitt úr landssjóði, verð jeg að ætla rjettast vera, að um greiðslu þessa gjalds sje höfð sama aðferð, eins og átti sjer stað við þau 2 próf, sem haldin voru hjer yfir hlutaðeiganda, það er að segja, að sá greiði gjaldið sem prófaður er“.

Þetta vil jeg tjá yður, herra yfirkennari, yður til leiðbeiningar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um vorpróf í lærða skólanum 1882. 10**  
 — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig: 8. febr.

„Með þóknanlegu brjefi 2. október þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað danska útleggingu af erindi frá stiptsyfirvöldum Íslands, þar sem þau leita samþykkis til þess, að þau vegna mislingaveiki þeirrar, er gekk í Reykjavík síðastliðið vor og fyrri hluta sumarsins, hafa fallizt á, að brugðið væri á þessu ári út af fyrirmælum reglugjörðar hins lærða skóla í Reykjavík í 9. og 10. gr. um aðalpróf, á þann hátt, sem nákvæmar er skýrt frá í erindi stiptsyfirvaldanna.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að ráðstöfun sú, sem stiptsyfirvöldin þannig hafa fallizt á, er hjer með samþykkt“.

Þetta tjái jeg yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um lán til að 11**  
**kaupa slökkvitól handa Ísafjarðarkaupstað.** — Í tilefni af beiðni bæjarstjórnarinnar á 10. febr.

Ísafirði, sem frá er skýrt í brjefi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. des. f. á., læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, sjálfum yður til athugunar og til frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg hjer með veiti samþykki til þess, að tekið verði lán handa bæjarsjóði kaupstaðarins, að upphæð 1100 kr., til að borga slökkvitól, er útveguð hafa verið handa kaupstaðnum, þannig, að lán þetta verði endurborgað með 100 kr. á ári og af því greiddir 5 af hundraði í ársvöxtu, ef það eigi getur fengizt með vægari kjörum, hvað vaxtagreiðsluna snertir.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til barnakennslu á Kjalarnesi. 12**  
 — Með brjefi dagsettu 17. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sent hingað bænarskrá frá 10. febr. hreppsnefndinni í Kjalarneshreppi um 200 kr. styrk úr landssjóði til barnakennslu í

**12** hreppnum móti 120 kr. styrk í sama skyni úr sveitarsjóði, og jafnframt og þjer hafið  
10. febr. tekið fram, að engin eiginleg barnaskólastofnun sje komin á fót í Kjalarneshreppi, heldur hafi hreppsnefndin leigt húsrúm á tveim bæjum í hreppnum til að láta þar fram fara barnakennslu sinn mánuðinn á hvorum staðnum frá októbermánaðarbyrjun til aprilmánaðarloka, hafið þjer skotið því til mín, hvort beiðni þessi verði tekin til greina.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að með því að enginn barnaskóli er kominn á fót í Kjalarneshreppi, verður hreppnum eptir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um útbýtingu fjár þess, er ætlað er í fjárlögum til barnaskóla, ekki veittur neinn styrkur af þessu fje til barnakennslu þeirrar, sem þar fer fram.

**13** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um niður-  
12. febr. færslu leigumála á Þjóðjörð. — Með þóknanlegu brjefi dagsettu 30. desbr. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá leiguliðanum á Þjóðjörðinni Litla-Sandfelli í Skriðdal, er heyrir undir Suður-Múlasýslujarða umboð, um að annað af þeim tveim ásaudarkúgildum, sem jörðinni fylgja, verði tekið af henni eptirleiðis, með því að jörðin eptir ásigkomulagi sínu ekki geti borið 2 kúgildi. Jafnframt hafið þjer sent álit hlutaðeigandi umboðsmanns, hreppsnefndar og sýslunefndar um beiðni þessa og skýrt frá skoðunum amtsráðsins í norður- og austuramtinu og sjálfs yðar á því.

Skýrslur þær, sem þannig eru fram komnar, bera með sjer, að umboðsmaður Suður-Múlasýslujarða hefir í álitsskjali sínu um Þjóðjarðirnar í umboði hans og tillögum um byggingu þeirra eptirleiðis, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 19. september 1877, talið sanngjarnt, að Þjóðjörð sú, sem hjer ræðir um, væri byggð með 50 álna landskuld og tveim kúgildum, og á þær tillögur umboðsmannsins fjellust þá hreppsnefnd og amtsráð. Þó að engar sannanir sjeu fram komnar fyrir því, að umrædd Þjóðjörð hafi gengið að neinum mun af sjer, síðan þessar tillögur umboðsmannsins voru bornar upp og samþykktar, hafa hreppsnefnd og sýslunefnd nú haldið því fram, að sanngjarnt væri að taka burt annað kúgildið af jörðunni, en umboðsmaðurinn hefir ekki fundið neina ástæðu til að breyta sinni fyrri skoðun um ástand jarðarinnar og hæfilegan leigumála á henni, en lagt það til, að landskuldin af jörðunni nú þegar eða frá næstu fardögum verði færð niður úr 60 álnum, sem hún er, í 50 álnir, og kúgildin sjeu látin haldast óbreytt. Þessum tillögum umboðsmannsins hefir amtsráðið verið samþykkt, og hafið þjer, herra amtmaður, einnig lagt fram með þeim.

Út af þessu skal yður tjáð, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um, að ekki sje ástæða til að taka til greina beiðni leiguliðans á Litla-Sandfelli um fækkun kúgildanna á nefndri jörð, en að því er landskuldargjaldið snertir, sje jeg mjer ekki fært að svo vöxnu máli og með hliðsjón af ráðherrabrjefi 25. maí 1880 að samþykkja neina niðurfærslu á því fyr en við næstu ábúandaskipti.

**14** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skýrslur  
13. febr. um vegabætur á hreppavegum. — Þar sem þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 30. nóvember f. á. hafið borið upp þá fyrirspurn, hvort niðurlagsákvörðun 5. greinar í lögum um vegina á Íslandi 15. október 1875 sje eigi svo að skilja, að skýrslur um vegagjörðir á hreppavegum að eins skuli sendar sýslunefndunum og að þær eigi þurfi að fara lengra, vil jeg tjá yður, að þessari fyrirspurn yðar ber að svara með jákvæði.